

Umhverfisráðuneytið  
Lára Kristín Traustadóttir  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 01. febrúar 2011

2011010014/42-0

TB

jgo/tb

## Innleiðing Árósarsamningsins

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 10. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvörp til laga sem eiga að tryggja innleiðingu Árósarsamningsins en frumvörpin eru: *Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósarsamningsins* og *Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála*.

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar því að fullgilda eigi Árósarsamninginn og telur eðlilegt að auka möguleika almennings til að hafa áhrif á stjórnvaldsákvarðanir.

### ***Frumvarp: Breytingar á ýmsum lögum***

#### ***Lög um náttúruvernd***

Í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósarsamningsins er eins og nafnið bendir til farið yfir ýmis lög er málið varðar og lagðar til breytingar sem taldar eru nauðsynlegar. Þar sem það á við er vísað til frumvarps til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála t.d. um málsmeðferð og kærurétt. Náttúrufræðistofnun gerir athugasemd við 15. gr. VIII kafla en þar þykir stofnuninni of skammt gengið. Samkvæmt a lið 15. gr. og með vísan í 3. mgr. 4. gr. frumvarps um úrskurðarnefndina eiga þeir einir, eftir því sem best verður skilið, kærurétt vegna ákvarðana samkvæmt 38. og 41. grein laga um náttúruvernd sem hafa lögvarða hagsmuni tengda ákvörðun. Vegna annarra ákvarðana geta hins vegar bæði þeir sem hafa lögvarða hagsmuni og umhverfis og útivistarsamtök kært ákvarðanir. Þetta er að mati Náttúrufræðistofnunar einkennilegt í ljósi þess að 38. gr. fjallar um leyfisveitingar á friðlýstum svæðum þ.m.t. leyfisveitingar í þjóðgörðum. Þjóðgarðar eru að lang stærstum hluta í eigu ríkisins (þ.e. í eigu þjóðarinnar í almennum skilningi) og tilgangur þjóðgarða varðar náttúruvernd almennt og þar með alla þjóðina.

Ákvarðanir skv. 41. gr. geta einnig verið þess eðlis að þær geta varðað hagsmuni einstaklinga og náttúruverndar í víðum skilningi. Ákvarðanir skv. þessum greinum geta bæði haft áhrif á hagsmuni einstaklinga og markmið náttúruverndar almennt ekki síst í þjóðgörðum og á



friðlýstum svæðum. Náttúrufræðistofnun leggur til að hluti ákvarðana sem heyra undir lög um náttúruvernd verði kæranlegar af öllum eins og ákvarðanir samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur enda er samsvörun við hugsanleg áhrif augljós. Ákvarðanir samkvæmt fyrrgreindum greinum laga um náttúruvernd geta varðað einstaklinga hvort sem þeir eru hluti af umhverfis- eða útivistarsamtökum eða ekki.

#### *Lög um vernd Breiðaffjarðar*

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að í XIV kafla 23. gr. er fjallað um breytingar á lögum um vernd Breiðfjarðar og er þar lagt til að bæta við 6. gr. þeirra laga mgr. um að kæra megi ákvarðanir Umhverfisstofnunar skv. þeirri grein. Náttúrufræðistofnun vekur athygli á því að Umhverfisstofnun fer varla með nokkrar leyfisveitingar á verndarsvæðinu eftir úrskurð umhverfisráðherra frá 4. janúar 2008 sem m.a. felur í sér að allsstaðar þar sem til er skipulag þar fari viðkomandi sveitarfélag með leyfisveitingu. Þessi grein ætti því bæði að fjalla um ákvarðanir Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga.

Náttúrufræðistofnun bendir einnig á að ekki er fjallað um lög um Vatnajökulsþjóðgarð, enda kærheimildir þar kannski talda nægjanlegar góða sbr. 19. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð, en vísar í því sambandi til umfjöllunar um 38. gr. laga um náttúruvernd hér að framan sem stofnunin telur að eigi einnig við um Vatnajökulsþjóðgarð og aðra þjóðgarða þ.m.t. Þingvallajþjóðgarð sem ekki heldur er fjallað um í frumvarpinu.

Ekki er fjallað sérstaklega um aðkomu að málum er koma upp í þjóðlendum og falla ekki undir það sem talið er upp í 3. mgr. 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

#### *Frumvarp: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála*

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að við skipan úrskurðarnefndarinnar virðist sem að sérstök áhersla sé lögð á nokkra þætti þekkingar þ.e. lögfræði, orkumál/jarðvísindi, skipulagsmál, byggingarmál og fiskifræði/veiðimál en síðan sé allri annari náttúrufræði sópað saman í það sem kallað er umhverfismál sem getur verið mjög víðfemt málefni. Þeir sem koma nýir inn í nefndina vegna breiðari starfssviðs hennar, sjá athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins í greinargerð, koma frá annars vegar Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti (fiskifræði/veiðimál) og hins vegar iðnaðarráðuneyti (orkumál/jarðvísindi). Hvergi er að finna neina kröfu t.d. um sérþekkingu í líffræði eða náttúruvernd og auk þess eru nýir nefndarmenn fulltrúar ákveðinna ráðuneyta og því erfitt að sjá hvernig viðbótin er í samræmi við tilgang Árósarsamningsins. Hvar eru t.d. fulltrúar frjálsra félagasamtaka?

Vel má spyrja að því hvort nefndinni sé ekki einfaldlega ætlað of mikið og ólíkt hlutverk en afgreiðsluhraði t.d. úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála hefur ekki verið mikill á undaförnum árum þó kannski hægist nú um þau störf vegna minni umsvifa í þjóðfélaginu. En bæði er að umsvif geta aukist í framtíðinni og t.d. skipulags- og byggingarmál í þéttbýli eru mjög ólík t.d. málefnum sem geta komið upp á friðlýstum svæðum þ.m.t. þjóðgörðum eða málum sem geta haft áhrif á vistkerfi eða viðkomu lifandi auðlinda, dýrastofna eða gróðurs, svo eitthvað sé nefnt.



Náttúrufræðistofnun Íslands áskilur sér rétt til að koma að fleiri athugasemdum á seinni stigum málsins.

Virðingarfallst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

